

Alþingi - velferðarnefnd
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. mars 2020
2002189/0.4.1/jml

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um skipulagt hjartaeftirlit ungs fólks – 164. mál.

Embætti landlæknir þakkar velferðarnefnd fyrir tækifæri til umsagnar um framangreinda þingsályktunartillögu, þ.e. að heilbrigðisráðherra verði falið að koma upp skipulögðu hjartaeftirliti með ungu fólki. Fyrirkomulag eftirlitsins verði þannig að ef fólk fær hjartaáfall ungt verði nánustu ættingjar þeirra einstaklinga boðaðir í skoðun til að greina hvort þeir séu í áhættuhópi fyrir arfgenga hjartasjúkdóma.

Hér er því um að ræða skimun fyrir hjartasjúkdómum hjá skilgreindum hópi fólks.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur bent á að skimun er afar flókið ferli og mikilvægt að framfari formlegt og vandað mat í hverju landi um hvaða sjúkdómum skuli skimað fyrir. Þá er sömuleiðis ljóst að fyrir þarf að liggja skilgreint ferli er lýtur að vali hóps, boðun og upplýsingamiðlun, rannsóknaraðferð, ferli þeirra sem greinast jákvæðir, neikvæðir eða þar á milli, frekari greiningu, meðferð, eftirfylgni sjúkdóms og eftirfylgni af árangri skimunar.

Um sumt af framangreindu er fjallað í greinargerð með tillögunni, auk þess sem þar er vakin athygli á mikilvægi persónuverndar og trúnaðar, sem og að ekki sé þrýst á fólk að mæta í slíka skimun.

Embætti landlæknis tekur undir efni þessarar tillögu til þingsályktunar enda verði undirbúningur og framkvæmd í samræmi við ábendingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Þá vekur embætti landlæknis athygli á hlutverki skimunarráðs og að heppilegur framgangur þessa máls væri að skimunarráð fengi það hlutverk að leggja mat á ætlaðan ávinning veginn á móti mögulegri áhættu skimunarinnar. Skimunarráð myndi senda landlækni tillögu sína og hann síðan ráðleggja ráðherra.

Virðingarfyllst,



Alma D. Möller landlæknir